

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulsþjóðgarðs

16. Fundur

Þriðjudagur 20.nóvember 2024, kl. 14:00 í fjarfundi

Mætt: Kristinn Jónasson, Þórður Runólfsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Sigrún Ágústdóttir, Anna Hallgrímsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Magnús A. Sigurðsson.

Hákon Ásgeirsson

Fundargerðina ritaði: Ingunn Ýr Angantýsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulsþjóðgarðs

1. Fundarðgerð síðasta fundar samþykkt.

2. Sigrún Ágústdóttir – Náttúruverndarstofnun

Sigrún nýr forstjóri, kynnti nýja stofnun Náttúruverndarstofnun og áherslur hennar. Hún fór yfir markmið með endurskipulagningu, sagði frá höfuðstöðvum á Hvolsvelli og kynnti verkefni og lög um Náttúruverndarstofnun. Einnig fór Sigrún yfir landsbundin verkefni. Sigrún sagði frá hlutverki nýrrar stofnunnar og umfang hennar. Svæðisstjórn og samvinna var rædd og mikilvægi þess að styrkja þetta tvennt enn frekar í nýrri stofnun.

3. Staðan á sýningu í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Inga Dóra og Hákon fóru yfir stöðuna á sýningunni í Þjóðgarðsmiðstöðinni. Verið er að vinna í því að hnýta lausa enda í samstarfi við hönnuði og í samtali við lögfræðinga til þess að geta haldið áfram vinnu að uppsetningu sýningarinnar í húsinu.

4. Vitavarðarhúsið á Malarrífi

Magnús fór yfir stöðuna á vitavarðarhúsinu á Malarrífi. Nýleg skoðun á húsinu leiddi í ljós að húsið er ekki ónothæft. Því er ástæða til þess að stefna á uppbyggingu á því sem fyrst. Von er á ítarlegri greinagerð á ástandsskoðuninni. Þjóðgarðsráð var sammála um að gera þarf FSRE grein fyrir þessu mati og þeirri minjagildisheild sem húsið er hluti af á Malarrífi.

5. Salerni á Djúpalóni

Hákon fór yfir stöðuna á salernisaðstöðu á Djúpalóni. Gámahús væntanlegt sem tímabundin lausn þar til nýtt salernishús verður byggt á staðnum. Frumathugun fer í gang á salernispörf í Þjóðgarðinum á næstunni. Hákon lagði áherslu á að það

sé nauðsynlegt að hafa klósettaðstöðu m.a. í lagi þegar Sólmyrkvinn mun eiga sér staðar í ágúst 2026.

6. Þjónustugjöld

Inga Dóra fór yfir þjónustugjöld á bílastæðum sem fer í gang í júní 2025. Ástæðan fyrir þjónustugjöldum rædd sem er fyrst og fremst til þess að manna þjóðgarðinn og styrkja innviði í takt við ört fjölgandi gestafjölda. Hákon fór yfir greiðslufyrirkomulag, stefnt verður að því setja upp greiðsluvélar fyrir þjónustugjöld á bílastæðum við Djúpalón, Saxhól, Svalþúfu og á Malarrífi. Búið er að bjóða út verkefnið og varð PARKA fyrir valinu. Sigurður tók til máls og benti á að upplýsingarnar verði að vera skýrar varðandi greiðslufyrirkomulag. Þjóðgarðsráð samþykkti að þjónustugjöld verði sett á og tekur undir með Sigurði og taldi það vera mjög mikilvægt að upplýsingar séu skýrar.

7. Hleðslustöðvar

Inga Dóra fór yfir stöðuna á hleðslustöðvunum.

8. Önnur mál

- **Sólmyrkvinn 2026.** Hákon lagði til að kalla saman samstarfshóp vegna Sólmyrkva 2026. Undirbúningsvinna þarf að hefjast sem fyrst. Taka þarf þessa umræðu á skipulagningu og undirbúa vel þennan atburð sem verður stór fyrir svæðið. Hákon ætlar að hafa samband við markaðsstofu Vesturlands, Vegagerð, lögreglu og Svæðisgarðinn. Allir viðbragðsaðilar á svæðinu þurfa að vera vel upplýstir.
- Kristinn fór yfir vegagerðamál og vetrarþjónustu á svæðinu.
- Inga Dóra fór yfir forathugun á húsnæðiskosti fyrir landverði.
- Erfiðlega hefur gengið að ná á starfsmenn FSRE og fá svör frá þeim varðandi vankanta er varða húsnæði þjóðgarðsmiðstöðvarinnar.

Næsti fundur 14 janúar.

Fundi slitið 15:35.



SNÆFELLSJÖKULS
ÞJÓÐGARÐUR